

Nr. 47.
16.
nóvbr.

Lög

um

laun prófasta.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með
samþykki Voru:

1. gr.

Auk þeirra launa, sem prófastar hafa hingað til haft fyrir starfa sinn samkvæmt gildandi lögum, skulu þeim veitt úr prestlaunasjóði ákveðin árslaun svo sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Árslaun þau, sem gjört er ráð fyrir í 1. gr., ákveðast þannig: Prófastarnir í Norður-Múlaprófastsdæmi, Suður-Múlaprófastsdæmi, Rangárvallaprófastsdæmi, Árnesprófastsdæmi, Kjalarnessprófastsdæmi, Snæfellsnessprófastsdæmi, Barðastrandarprófastsdæmi, Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, Húnavatnsprófastsdæmi, Skagafjarðarprófastsdæmi, Eyjafjarðarprófastsdæmi og Suður-Þingeyjarprófastsdæmi fá að launum 200 kr. hver. Prófastarnir í Austur-Skaptafellsprófastsdæmi, Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi, Borgarfjarðarprófastsdæmi, Mýraprófastsdæmi, Dalaprófastsdæmi, Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi, Strandaprófastsdæmi og Norður-Þingeyjarprófastsdæmi fá að launum 100 kr. hver.

3. gr.

Prestar tilnefna prófastsefni á sama hátt og nú, en landsstjórnin skipar prófasta með ráði biskups.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 16. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

om

Provsters Løn.

Nr. 47.
16.
Novbr.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Foruden den Løn, som Provsterne i Henhold til gældende Lov hidtil have nydt for deres Forretninger, tillægges der dem den nedenfor bestemte faste aarlige Løn af Præstelønningsfonden.

§ 2.

Den i § 1 nævnte aarlige Løn fastsættes saaledes: Provsterne i Norder-Mula-Provsti, Sønder-Mula-Provsti, Rangarvalla-Provsti, Arnes-Provsti, Kjalarnes-Provsti, Snæfellsnes-Provsti, Bardastrand-Provsti, Norder-Isafjords-Provsti, Hunavatn-Provsti, Skagafjord-Provsti, Øfjord-Provsti og Sønder-Thingø-Provsti erholde hver en Lønning af 200 Kr. Provsterne i Øster-Skaptafell-Provsti, Vester-Skaptafell-Provsti, Borgarfjord-Provsti, Myra-Provsti, Dala-Provsti, Vester-Isafjords-Provsti, Stranda-Provsti og Norder-Thingø-Provsti erholde en Lønning af 100 Kr. hver.

§ 3.

Præsterne udpege paa samme Maade som hidtil dem, de ønske at bringe i Forslag som Provster, medens disse ansættes af Regeringen efter Samraad med Biskoppen.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 16. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 16. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.